

Mál nr. 413/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. vinnuslyss.

Sjómaður slasast þegar hann féll niður stiga þ. 28.4.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.9.2012 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf Lex lögmennastofu vegna V dags. 9.10.2012.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína um borð í skipi við Afríkustrendur þ.24.4.2008, þegar hann féll niður stiga og lenti illa á hægra fæti. Áhöfn umrædds skips var með hópvátryggingu hjá V svokallaðri starfstryggingu. M fékk greiddar frá V kr. 400.000 í sjúkralaun og læknskostnað í janúar 2009. M reyndi að vinna áfram sem sjómaður en varð að hætta því í september árið 2009. Lögmaður M segir hann hafa verið í stöðugu sambandi við starfsmann V og gerði honum grein fyrir stöðu sinni og líkamlegu ástandi. Þá segir M að starfsmaður V hafi beðið hann um að bíða aðeins í byrjun nóvember 2011 þar sem hann væri að fara yfir málið. M gekkst undir mat hjá lækni að beiðni V þ. 18.júní s.l. og fékk V niðurstöðurnar sendar, en þar kemur fram að starfsorka M sem sjómanns er skert um 100%. V hafnaði bótaskyldu. M krefst bóta úr þeirri tryggingu sem hann var tryggður hjá V og byggir á því m.a. að hann hafi tilkynnt slysið inn til V þ.3.6.2008 eins og skilmálar tryggingarinnar kveði á um. Auk þess er á það bent að M hafi verið í stöðugu sambandi við starfsmann V og liggja frammi fjöldi tölvubréfa því til sanninda. M hafi því uppfyllt tilkynningaskyldu sína skv. grein 3.1. vátryggingaskilmála umað tilkynna slysið eins fljótt og með sanngirni er unnt. Þá telur M enga 3 ára fyrningarreglu vera til staðar varðandi tryggingu þá sem hér á við. Þá mótmælir M því að sú greiðsla sem hann fékk frá V á árinu 2008 sé lokagreiðsla þar sem hann hafi ekki gert fyrirvara. M bendir á að hann hafi fengið takmarkaðar upplýsingar frá V varðandi varanlega örorku hafi nánast engar verið og V hafi brugðist upplýsingaskyldu sinni gagnvart M. V hafnar bótaskyldu og segir að þeim hafi verið hafnað í ársbyrjun 2012. V segir að í matsgerð frá 27.6.2012 þar sem M er metinn til fullrar örorku komi ekki fram upplýsingar um hugsanlegan stöðugleikapunkt eða hvenær vátryggingartaki hefði mátt gera sé grein fyrir því að hann yrði hugsanlega óvinnufær til frambúðar. V telur að M hafi í síðasta lagi í September 2008 mátt gera sér grein fyrir að tjón hans kynni að fela í sér varanlega starfsorkuskerðingu en hafi ekki haft samband við V þrátt fyrir það. Þá vísar V til l.mgr. 51. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 og l.mgr. 124.gr. vátryggingasamningalaga. V segir að M hafi ekki haldið uppi neinum kröfum á hendur V frá því að hann fékk greitt í janúar 2009 fyrr en á árinu 2011.

Álit.

Ekki er ágreiningur um málsatvik hvað slys M varðar og bótaskylda var viðurkennd af V strax í upphafi og M greiddar bætur vegna þess tjóns sem fyrir hendi var og í ljós leitt á árinu 2008. Lögð hafa verið fram gögn í málinu sem sýna að töluverð samskipti hafa verið milli forsvarsmanns V og M allt frá því að slysið varð og M leitar iðulega eftir upplýsingum til forsvarsmannsins og ljóst að hann er að ræða um áframhald málsins og bótakröfu vegna varanlegs tjóns sem hann kunni að hafa orðið fyrir. Þannig má m.a. vísa til tölvubréfs frá M til forsvarsmanns V í október 2010 sem verður ekki skilið með öðrum hætti en að M sé að láta vita af hugsanlega varanlegri örorku. Þá verða samskipti M og forsvarsmanns V ekki skilin með öðrum hætti en M tilkynni stöðugt um að hann mun leita eftir bótum vegna varanlegrar örorku reyndist hún vera fyrir hendi og leitar eftir upplýsingum frá V um hvað eina. Miðað við gögn málsins og þau samskipti sem áttu sér stað á milli aðila er ljóst að V var upplýst um að M hefði hlotið

varanlegt tjón af slysinu strax og það var ljóst. Einnig var V upplýst um að M mundi krefjast bóta þegar fyrir lægi hvert umfang tjónsins væri og farið fram á upplýsingar frá V í því sambandi. Af þeim sökum eiga ekki við ákvæði 1.mgr. 51.gr. og 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 sem V ber nú fyrir sig í málinu. M gerði V grein fyrir því með fullnægjandi hætti að hann gerði kröfu vegna varanlegas tjóns sem hann hafði orðið fyrir í slysinu og aðilar höfðu síðan samband og samráð um það að hann leitaði til læknis til að fá tjón sitt metið. Þegar það mat lá fyrir gerði M kröfu án ástæðulauss dráttar. M á því rétt á bótum úr tryggingu þeirri sem hann var tryggður hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum frá V vegna slyssins sem hann varð fyrir þ. 28.4.2008

Reykjavík 30.10. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.